HVAÐ ER AÐ GERAST UM Helgina?

FÉLAGSLÍF

Hótel Örk:

Hlaðborð, sund og sauna

„Brunch" að amerískum sið á Hótel Örk á sunnudögum milli kl. 12 og 15. Orðið „Brunch" samanstendur af ensku orðunum breakfast og lunch sem þýða morgunverður og hádegisverður. Hér er um að ræða hlaðborð með köldum og heitum réttum, s.s. stórsteikum, síld, eggjum,beikoni og ávöxtum. Matargestir fá frítt í sundlaug og sauna. Helmings afsláttur er fyrir börn undir 12 ára aldri.

Fastar áætlunarferðir eru farnar frá Umferðamiðstöðinni til Hveragerðis.

SÖFN

Póst- og símaminjasafnið:

Opið á sunnudögum og þriðjudögum

Póst- og símamálastofnunin hefur opnað safn, Póst- og símaminjasafnið, í gömlu símstöðinni að Austurgötu 11 í Hafnarfirði. Þar getur að líta safn fjölbreytilegra muna og tækja er tengjast póst- og símaþjónustu á Íslandi. Fyrst um sinn verður safnið opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur er ókeypis. Þeir sem vilja skoða safnið utan opnunartíma hafi samband við safnvörð í síma 54321.

Þjóðminjasafn Íslands:

Opið fjóra daga vikunnar

Þjóðminjasafn Íslands er opið laugardaga, sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13.00 til 16.00.

Sjóminjasafnið:

Lokað vegna breytinga

Sjóminjasafn Íslands verður lokað vegna breytinga þangað til í byrjun júní.

Þá verður opnað aftur með sýningu um íslenska árabátinn og byggir sú sýning á bókum Lúðvíks Kristjánssonar „Íslenskum sjávarháttum". Til sýnis verða kort og myndir úr bókinni auk veiðarfæra, líkana o.fl.

Árbæjarsafn:

Opið eftir samkomulagi

Enginn fastur opnunartími er í Árbæjarsafni en safnið er opið eftir samkomulagi. Síminn er 84412.

Listasafn Einars Jónssonar:

Safn og garður

Listasafn Einars Jónssonar er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13.30 til 16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega frá kl. 11 til 17.

Ásgrímssafn opið

Ásgrímssafn er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 13.30 og 16.

MYNDLIST

Gallerí Borg:

Vignir Jóhannsson sýnir

Í Gallerí Borg, Pósthússtræti 9, stendur nú yfir sýning Vignis Jóhannssonar. Á sýningunni eru olíumyndir og krítarteikningar unnar á þessu ári í Nýju-Mexico, þar sem Vignir er nú búsettur. Sýningunni líkur 2. júní.

Sýning Eddu Jónsdóttur

Laugardaginn 23. maí kl. 14 til 18 opnar Edda Jónsdóttir sýningu í Gallerí Borg, nýja sýningarsalnum í Austurstræti 10 á annarri hæð. Á sýningunni verða rúmlega tuttugu vatnslitaþrykk og ætingar unnar seinni hluta ársins 1986 og á þessu ári. Sýningunni lýkur 3. júní.

Báðir salirnir eru opnir frá kl. 14 til 18 um helgar, frá kl. 12 til 18 á mánudögum og frá kl. 10 til 18 aðra virka daga.

Listasafn ASÍ:

Norrænn heimilisiðnaður

Laugardaginn 23. maí kl. 14 verður opnuð norræn heimilisiðnaðarsýning í Listasafni ASÍ við Grensásveg. Sýningin var unnin í tilefni norræns heimilisiðnaðarþings í Kuopio, Finnlandi. Þema þingsins var **vöruþróun í heimilisiðnaði, frá hugmynd til fullmótaðra hluta** og tók hvert land mið af því við undirbúning sinn sýningar. Sýningin er mjög fjölbreytt að efni, allt frá textílvinnu af ýmsum toga til málm- og beinsmíði.

Sýningin er opin virka daga kl. 14 til 20 og um helgar kl. 14 til 22. Athugið að sýningunni lýkur sunnudaginn 31. maí.

Ingólfsbrunnur:

Ófeigur Ólafsson sýnir vatnslitamyndir

Ófeigur Ólafsson sýnir vatnslitamyndir í Ingólfsbrunni, Miðbæjarmarkaðinum. Opið er á verslunartíma alla virka daga. Sýningin er sölusýning.

Ásmundarsalur:

„Frakkland og Bandaríkin – nýir straumar í módernisma"

Sýningin „Frakkland og Bandaríkin – nýir straumar í módernismar" stendur nú yfir í Ásmundarsal við Freyjugötu. Í ár minnast menn þess víða um heim að 100 ár eru liðin frá fæðingu eins helsta brautryðjanda módernismans í arkitektúr, fransk-svissneska arkitektsins Le Corbusier. M.a. af því tilefni fannst sýningarráði Arkitektafélags Íslands við hæfi að fá hingað til lands sýningu sem á einhvern hátt fjallaði um módernismann og stöðu hans nú. Fyrir valinu varð þessi sýning sem unnin var í samvinnu franska arkitektsins Michel Kagan og hins kunna enska fræðimanns Kenneth Frampton. Sýningin verður opin alla daga frá kl. 14 til 18. Sýningin mun standa til 24. maí.



Síðasta sýning á Rympu verður á sunnudag

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:

Rympa á ruslahaugnum – síðasta sýning

Barnaleikritið Rympa á ruslahaugnum eftir Herdísi Egilsdóttur verður sýnt á stóra sviðinu á sunnudag kl. 15. Leikstjóri er Kristbjörg Kjeld, hönnuður leikmyndar og búninga er Messíana Tómasdóttir, dansahöfundur Lára Stefánsdóttir, ljósahönnuður Björn Bergsteinn Guðmundsson, en Jóhann G. Jóhannsson útsetur tónlistina og stjórnar hljómsveit á sviðinu.

Tónlist og dans setja mikinn svip á leikinn. Leikritið gerist á ruslahaug, sem er iðandi af lífi og munu rúmlega 20 ungir ballettdansarar sjá til þess. Sigríður Þorvaldsdóttir leikur skemmtilega skassið Rympu, sem býr á ruslahaugnum með hauslausa tuskukarlinum Volta. Það verður aldeilis búhnykkur fyrir hana þegar tvö börn birtast á öskuhaugunum á flótta frá heimili og skóla.

Lindargata 49:

Sýning Reynirs Sigurðssonar

Nú stendur yfir sýning Reynirs Sigurðssonar í húsi Samtakanna "78 að Lindargötu 49. Reynir sýnir þar 25 pastelmyndir og olíumálverk. Reynir stundaði nám við MHÍ og hefur sl. sex ár haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum heima og erlendis. Sýningin er opin fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá kl. 17 – 23. Sýningunni lýkur sunnudaginn 24. maí.

Nýlistasafnið:

KEX

Nú stendur yfir í Nýlistasafninu og MÍR salnum norsk sýning. Er sýningarhaldið liður í skiptisýningar áætlun milli Íslands, Svíþjóðar og Noregs. Hugmyndin er að hvert þessara landa fái að kynnast því sem ungir listamenn eru að gera í hinum tveimur löndunum. Áður hafa sýningarnar verið til sýnis í Kulturhuset í Stockhólmi og UKS í Osló. Þessi sýningarkeðja hefur hlotið nafnið „KEX".

Norsku þátttakendurnir eru þessir: Ingrid Book,Svanhild Heggedal, Reidar Kraugerud, Hege Lønne, Gerd Tinglum, Marianne Bratteli, Hilmar Fredriksen og Laila Haugen. Þau munu öll dveljast hér á landi meðan á sýningunni stendur.

Menningarstofnun Bandaríkjanna:

Anna Fugaro sýnir collagemyndverk

Nú stendur yfir sýning Önnu Fugaro á collage myndverkum í sýningarsal Menningarstofnunnar Bandaríkjanna að Neshaga 16. Myndirnar eru allar nýja, um 20 talsins, og allar til sölu. Sýningin verður opin daglega frá kl. 9 til 17.30, á fimmtudögum verður opið til 20 og um helgar frá 14 til 22. Sýningunni lýkur þriðjudaginn 26. maí kl. 17.30.

Gallerí 119:

Plaggöt og grafik

Í Gallerí 119, við J.L. húsið, stendur nú yfir sýning á plaggötum og grafíkverkum eftir þekkta listamenn. Opið er frá 12 til 19 virka daga, 12 til 18 laugardaga og 14 til 18 sunnudaga.

„Í smáu formi"

Í anddyri Norræna hússins stendur yfir sýning á skúlptúrum eftir 5 norræna listamenn: Claes Hake frá Svíþjóð, Finn Hjortskov Jensen frá Danmörku, Veikko Myller frá Finnlandi, Michael O'Donnell frá Noregi og Rögnu Róbertsdóttur frá Íslandi. Hér er um farandsýningu að ræða sem kemur frá Norrænu listamiðstöðinni í Sveaborg. Á sýningunni eru 27 verk, öll í litlu formi og unnin í mismunandi efni; tré, brons, polyester, reipi o. fl. Sýningin stendur til 25. maí og er opin daglega kl. 9 til 19, nema sunnudaga kl. 12 til 19.

Gallerí Gangskör:

Skúlptúrsýning Þórdísar A. Sigurðardóttur

Nú stendur yfir sýning á verkum Þórdísar A. Sigruðardóttur í Gallerí Gangskör. Þetta er fyrsta einkasýning Þórdísar en hún hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum áður. Flest verkin á sýningunni eru unnin á þessu ári. Þau eru aðalega úr járni, steinsteypu og pappa. Sýningin er opin kl. 12 til 18 virka daga en kl. 14 til 18 um helgar.

Gallerí grjót:

Samsýning Steinunnar og Ragnheiðar

Sýning á höggmyndum úr leir, gleri og járni eftir Steinunni Þórarinsdóttur og grafíkverkum eftir Ragnheiði Jónsdóttur stendur nú yfir í Gallery grjót. Verkin voru á nýjafstöðnum einkasýningum þeirra. Opið virka daga frá kl. 12 til 18.

Kjarvalsstaðir:

Níels Hafstein sýnir

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á verkum eftir Níels Hafstein og ber hún yfirskriftina „Svartir og hvítir hestar".

Sýningin er byggð á minnum úr þjóðsögum, goðafræði, kristinni trú, hernaði, ævintýrum og skáldskap, og fjallar um líf og hreyfingu, kyrrð og dauða. Á sýningunni eru skúlptúrar úr tré og stáli, ísaumað klæði, útklippt og grafið látún. Fylgir hverju verki stuttur texti. Sýningu Níelsar Hafstein lýkur annan í hvítasunnu.

Sýning Ívars Valgarðssonar

Á kjarvalsstöðum stendur yfir sýning á verkum Ívars Valgarðssonar. Á sýningunni eru fjórir skúlptúrar úr steinsteypu, og veggmyndir málaðar á tré og stál. Sýningu Ívars Valgarðssonar lýkur annan í hvítasunnu.

Krákan:

Sýning Snædísar Þorleifdóttur

Sýning Snædísar Þorleifdóttur stendur nú yfir á Krákunni, Laugarveg 22. Á sýningunni eru 15 pastelverk, olíupastel og þurrpastel, öll unnin árið 1987. Sýningin stendur í mánuð. Krákan er opin frá kl. 11.30 til 23.30.

Gallerí Langbrók Textíll:

Listmunir sýndir að staðaldri

Textílgalleríið Langbrók, Bókhlöðustíg 2, sýnir vefnað, tauþrykk, myndverk, fatnað og fleiri listmuni. Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12-18 og laugardaga kl. 11-14.

Norræna húsið:

Norski listamaðurinn Yngve Zakarias sýnir

Á morgun, laugardag, kl. 15 verður opnuð sýning á verkum norska myndlistarmannsins Yngve Zakarias í sýningarsölum Norræna hússins. Á sýningunni eru bæði málverk og grafík.

Yngve Zakarias hefur haldið einkasýningar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi og tekið þátt í samsýningum í Finnlandi, Júgóslavíu, Þýskalandi og Ítalíu. Sýningin verður opin kl. 14 til 19 alla daga til 14. júní.

TÓNLIST

Skíðaskálinn Hveradölum:

Haukur Mortens og hljómsveit

Haukur Mortens og hljómsveit koma fram og spila í skíðaskálnam-